



Breytt deiliskipulag, Dalur 1  
Kvarði 1:1000



FJARÐAYGGI

# DALUR 1

## Breytt deiliskipulag

### Deiliskipulag íþróttasvæðis og leikskóla á Eskifirði

Helstu breytingar eru þessar:

- Byggingarreitir Dalbraut 3 stækkað. Gert er ráð fyrir að byggð verði ný deild við leikskólann. Efnisval og útlit yri með sama hætti og á eldri húsi.
- Bílastæðum við Dalbraut 3 er breytt og fallið frá einstækuakstri í gegnum stæðið.
- Búin er til ný lóð, Dalbraut 3A miðsvæðis austanmegin á svæðinu og þar staðsett 25m sundlaug ásamt renniþrautum, vaðlaug, heitum pottum, lagnakjallara, afgreiðslu, búningastöðu og líkamsræktarástöðu, einnig er í húsinu búningastæða fyrir Eskifjarðarvöll ásamt sameiginlegri geymslu sundlaugar og vallar. Sundlaugarhúsi ásamt aðstöðu er 1029 m² og 3927 m². Útveggir eru klæddir liggjandi báruplötum og flisum. Þak er hallandi klætt báruplötum. Ekki er gert ráð fyrir stækking eða breytingum á sundlaugarhúsi. Bílastæði eru fyrir 78 bíla við sundlauginn þar af tve stæði fyrir fatlaða.
- Lækur vestast á svæðinu verður opnaður og settjörnum komið fyrir í honum. Göngubrýr og hölkur koma þar sem göngustigar þvera læk. Áður grenndarkynnt breyting í ágúst 2011.
- Búin er til ný lóð, Dalbraut 3B á norð-vesturhorni Eskifjarðarvallar og þar komið fyrir vallarhúsi. Vallarhúsi er 149,2 m² og 452,7 m². Útveggir eru klæddir liggjandi báruplötum. Þak er flatt pappþak. Ekki er gert ráð fyrir stækking eða breytingum á vallarhúsi. Áður grenndarkynnt breyting í ágúst 2011.
- Vallarsvæði keppnisvallar Eskifjarðarvallar er girt af.
- Búin er til ný lóð, Dalbraut 3C og þar gert ráð fyrir yfirbyggðri 600 manna stúku. Stúka fylgir núverandi landhalla þar sem fyrir er stölluð grasbrekka. Ekki er opið undir stúku. Mesta hæð stúka á efri kant er 3 m yfir núverandi landhæð. Þakhalli er 15°, hækkandi yfir stúku.
- Gert er ráð fyrir fyllingu syðst á skipulagssvæðinu þar sem æfingarsvæði verður. Rúttæði ásamt bílastæðum fyrir íþróttasvæðið koma vestan Norðfjarðarvegur.
- Búin er til ný lóð, Dalbraut 3D sunnan bílastæða sundlaugar og þar komið fyrir sjálfsafgreiðslu á eldsneyti. Tilheyrandi búnaði vegna mengunarvarna verður komið fyrir á lóðinni ásamt eldsneytisgeymum, skuggi og auglýsingarkílum.
- Skipulagssvæðið stækkað litlega á suð-vestur horni svo fyrirhuguð opnun lækjar sé öll innan svæðis.

Greinagerð

Breytingar á deiliskipulagi Dalur 1 eru meðal annars til komnar vegna krafna KSÍ um aðstöðu við A og B keppnisvelli sem kalla meðal annars á stúkur úr varanlegum efnum fyrir áhorfendur ásamt því að vallarsvæði séu girt af. Samkvæmt Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 kafla 9.3.14 þá eru skilgreind hættusvæði A, B og C vegna ofanflóða á Eskifirði og falla allar hættumatlinur á norðurhluta skipulagssvæðisins. Hættumatlinur B og C eru alveg við norðurmörkin og ná aðeins inná Dalbrautina en hættumatlinur A nær inn á miðjan keppnisvöll Eskifjarðarvallar auk þess er vallarhúsi á Dalbraut 3B og stúka ofan linnunar. Í vallarhúsi eru geymslur vallarins ásamt salernis- og söluástöðu fyrir vallargesti. Starfsemi á vellinum og í vallarhúsi er einungis yfir sumartímann og hætt af mannsköðum vegna ofanflóða ekki til staðar á þeim tíma. Samkvæmt Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 kafla 9.3.8 er gert ráð fyrir að sunnan keppnisvallar og sundlaugar sé möguleiki á að ganga frá jarðvefnum sem til falla við gerð Norðfjarðarganga og nýta til landmótunar. Gert er ráð að svæðið verði fyllt upp og nýtt sem æfingarsvæði. Ef og þegar veltenging verður gerð milli Leirubakka og Norðfjarðarvegur eins og gert er ráð fyrir í deiliskipulaginu Dalur 1 og deiliskipulaginu Leira 1 þá mun sú veltenging verð færð til norðurs þar til hæfileg fjarlægð er komin að veltengingu við Sundlaug Eskifjarðar. Einnig mun veltenging bílastæðis Huldahlíðar verða færð af Norðfjarðarvegi inná Leirubakka. Með þessu móti munu veltengingar við Norðfjarðarveg ekki verða fleiri en þrjár á umræddu svæði.

### Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027 Þéttbýlisuppráttur fyrir Eskifirð



Staðsetning í aðalskipulagi

Öll mál á upprætti þessum eru í metrum nema annað sé tekið fram

Deiliskipulag þetta var auglýst samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

frá 2013 til 2013

og var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar


þann \_\_\_\_\_

Bæjarstjórnin í Fjarðabyggð

Skipulagið var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda \_\_\_\_\_ 2013

Frákvæmdasvið Fjarðabyggðar 15.11.2011

Skipulagsfulltrúi



Gildandi deiliskipulag, Dalur 1 frá 17.01.1997  
Kvarði 1:3000